



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. apríl 2005
SLB/IJA/KSG/022/05


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara.

Með vísan til bréfs heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, dags. 14. mars 2005, er hér með komið á framfæri umsögn Tryggingastofnunar ríkisins við ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Af gögnum Tryggingastofnunar að dæma virðist sem þunglyndi sé vaxandi vandi sífellt fleiri einstaklinga. Þunglyndi er í auknum mæli talin ein af ástæðum örorku og sala þunglyndislyfja hefur aukist undanfarin ár.

Tafla 1. Þunglyndislyf (N06A), notkun og útgjöld TR¹

Aldursbil	Fjöldi DDD, þús. ein.			Lyfjaútgjöld TR, millj. kr.		
	2002	2003	2004	2002	2003	2004
0-64 ára	6.292	6.517	7.064	605	582	628
65 ára og eldri	1.885	2.027	2.012	146	144	147
Samtals	8.178	8.544	9.076	751	726	775
Aukning frá fyrra ári		366	532		-26	49
Hlutfallsleg aukning		4%	6%		-3%	7%




Mynd 1. Heildarnotkun þunglyndislyfja, fjöldi í þúsundum DDD

¹ Upplýsingar eru fengnar úr tölfræðigagnagrunni TR. Þær byggja á upplýsingum sem fengnar eru frá afgreiddum lyfseðlum sem apótek senda TR með rafrænum hætti. Upplýsingarnar eru uppreiknaðar miðað við bókhaldsgögn TR. Skilgreindur dagsskammtur (DDD) miðast við nýjustu skilgreiningar frá WHO Collaborating Centre for Drug Statistics Methodology Norwegian Institute of Public Health (WHOCC). Fyrir þau lyf sem WHO hefur ekki úthlutað DDD er stuðst við skilgreiningar frá Lægemiddelstyrelsen í Danmörku.

Þess ber að geta að í gagnasafni Tryggingastofnunar vantar upplýsingar um lyf sem veitt eru á sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum. Notkun elstu borgaranna á þunglyndislyfjum er því að öllum líkindum vanmetin samanborið við aðra aldurshópa.

Athyglisverður munur kemur fram á breyttri notkun eldri borgara á þunglyndislyfjum síðustu þrjú árin. Í aldurshópunum frá 66 ára til og með 74 ára hefur verið um aukna notkun geðlyfja að ræða undanfarin þrjú ár. Hjá þeim sem eldri eru en 74 ára hefur notkun þunglyndislyfja eins og hún er skráð hjá Tryggingastofnun aftur á móti staðið í stað eða farið minnkandi. Tölurnar eru miðaðar við dagskammta á þúsund einstaklinga og eru því lausar við skekkju vegna mismunandi fjölda einstaklinga í aldurshópum.



Mynd 2. Notkun þunglyndislyfja eftir aldursbili, fjöldi DDD/1.000 íbúa/dag

Hvort þunglyndislyf eru á allra síðustu misserum síður gefin þeim sem eldri eru en 75 ára eða hvort minnkandi mæld not í gagnasafni Tryggingastofnunar ræðst af aukinni innlögn þeirra á sjúkrahús eða hjúkrunarheimili þessi árin er ekki vitað. Staðreyndir sem þessar hafa ekki verið skoðaðar sérstaklega og er það eitt og sér e.t.v. vísbending um að ástæða sé til frekari rannsókna á þunglyndi meðal eldri borgara og að mat sé lagt á umfang þess.

Virðingarfyllst,

Karl Steinar Guðnason
forstjóri